



**84. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar
miðvikudaginn 3. júlí 2013, kl. 13:30.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv.
undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Bs. um menningu- og atvinnumál frá 13. maí 2013
 - b) Fræðslunefndar frá 20. júní 2013
 2. Ársreikningur Skúlahorn ehf.
 3. Ársreikningur Háabrekka ehf.
 4. Ársreikningur Félagsheimilið Blönduósi ehf.
 5. Kennslumagn fyrir skólaárið 2013-2014
 6. Erindi frá Blönduskóla – skólahúsnæði og skólalóð
 7. Samningur um grenjavinnslu í sveitarfélaginu Blönduósbæ
 8. Styrktarbeiðni frá Samhjálp
 9. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

*Formaður bæjarráðs óskaði eftir samþykki bæjarráðs um að taka upp liðinn kosningar áður en gengið yrði til dagskrár.
Bæjarráð samþykkir að taka upp liðinn kosningar.*

1. Kosningar

a) Kjör formanns bæjarráðs

*Tillaga kom um Zophonías Ara Lárusson sem formann bæjarráðs.
Samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum.*

b) Kjör varaformanns bæjarráðs

*Tillaga kom um Kári Kárason sem varaformann bæjarráðs.
Samþykkt með þremur atkvæðum.*

Að loknum þessum lið tók nýkjörinn formaður, Zophonías Ari Lárusson, við fundarstjórn.

2. Fundargerðir:

- a) Bs. um menningu- og atvinnumál frá 13. maí 2013



Lögð fram til kynningar

b) Fræðslunefndar frá 20. júní 2013

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur Skúlahorns ehf.

Eigið fé félagsins í árslok nam 0,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé í árslok nam 113,7 millj. kr. skiptist það á þrjá hluthafa, þá sömu og í ársbyrjun. Í árslok 2012 áttu tveir hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu en þeir eru:

Blönduósbær – 76,7%

Húnavatnshreppur - 18,7%

Bæjarráð Blönduósarbæjar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfest hann með undirritun sinni.

4. Ársreikningur Háabrekka ehf.

Eigið fé félagsins í árslok nam 4.217.916 kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Tilgangur félagsins er kaup, sala og rekstur fasteigna og lánastarsfemi. Engin starfsemi var á árinu 2012. Hlutfé félagsins nam í árslok 12,5 millj. kr. og var það allt í eigu Blönduósarbæjar, sem er eins og var í upphafi árs.

Bæjarráð Blönduósarbæjar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfest hann með undirritun sinni

5. Ársreikningur Félagsheimilið Blönduósi ehf.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2012 að fjárhæð 2.727 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 39.628 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins nam í árslok 40.600 þús. kr. og átti Blönduósbær 99,7% af heildarhlutfé en Leikfélag Blönduóss 0,3% sem er óbreytt frá fyrra ári. Umræður urðu um ársreikninginn. Bæjarráð Blönduósarbæjar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfestir hann með undirritun sinni.

6. Kennslumagn fyrir skólaárið 2013-2014

Bæjarstjóri lagði fram greinargerð frá skólastjóra Blönduskóla um beiðni um kennslumagn fyrir skólaárið 2013-2014.

Bæjarráð samþykkir beiðnina.

7. Erindi frá Blönduskóla – skólahúsnæði og skólalóð

Afgreiðslu erindisins frestað til næsta fundar bæjarráðs og bæjarstjóra falið að boða skólastjórnendur á fundinn.

8. Samningur um grenjavinnslu í sveitarfélaginu Blönduósbæ

Bæjarstjóri lagði fram samning um grenjavinnslu í sveitarfélaginu Blönduósbæ.

Bæjarráð samþykkir samningsdrögin og felur bæjarstjóra að ganga frá samningnum í samræmi við umræður á fundinum.

9. Styrktarbeiðni frá Samhjálp

Bæjarráð hafnar erindinu.

10. Önnur mál

a) Mýrarbraut 20

Bæjarráð samþykkir sölu á Mýrarbraut 20

b) Laxá í Skefilsstaðahreppi – veiðileyfi

Bæjarráð samþykkir að ráðstafa veiðileyfunum til Laxaseturs Íslands.



c) Beiðni um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Bæjarráð samþykkir skólavist nemenda utan lögheimilissveitarfélags í Blönduskóla skólaárið 2013-2014.

Fært í trúnaðarbók

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 15:05

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Hilmar Hilmarsson (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)